

Svar

**félags- og húsnæðismálaráðherra við fyrirspurn frá Sigurði Inga Jóhannssyni
um húsnæðisvanda Kaffistofu Samhjálp.**

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hyggst ráðherra beita sér fyrir lausn á húsnæðisvanda Kaffistofu Samhjálp? Ef svo er, með hvaða hætti?

Ráðherra er vel kunnugt um þá stöðu sem blasir við Kaffistofu Samhjálp í haust og tekur heils hugar undir að finna þurfi lausn á húsnæðisvanda kaffistofunnar sem fyrst svo tryggja megí áfram þá mikilvægu þjónustu sem þar er veitt.

Ráðherra heimsótti kaffistofuna í maí síðastliðnum og átti þar gott samtal við framkvæmdastjóra Samhjálp og upplýsti að hún myndi skoða hvort stjórnvöld gætu með einhverjum hætti komið kaffistofunni til aðstoðar. Með hvaða hætti slík aðstoð gæti litið út liggur ekki fyrir að svo stöddu.